

AUGLÝSING um deiliskipulag í Norðurþingi.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis II á Röndinni á Kópaskeri.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 18. febrúar 2020 var samþykkt deiliskipulag iðnaðarsvæðis II á Röndinni á Kópaskeri. Skilgreind er ein lóð undir fiskeldi á skipulagssvæðinu. Afmarkaður er byggingarreitur fyrir þjónustuhús auk átta annarra byggingarreita fyrir fiskeldisker, fóðursíló og seyrutanka. Skilgreindir eru byggingarskilmálar fyrir byggingarreitina. Svæðið er að mestu óbyggt, en á svæðinu var áður rekið fiskeldi. Aðkoma að svæðinu er hugsuð eftir götu um Röndina.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat nr. 105/2005 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 19. mars 2020.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2020